

JANÚAR 1970

30

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfstöðum, Borgarfirði

FJÁRHAGUR FÉLAGSINS

Stjörnusambands sjóður nemur nú á níunda hundrað þúsund krónum, en tilkostnaður við sambandsstöðina mun nema nær 1900 þús. kr. eða meir, og má af þessu sjá, að sú aflraun félagsins að koma upp slíkri byggingu er ekki til enda þreytt, þótt sjálfu verkinu sé lokið að mestu. En haldi menn áfram að styðja sjóðinn með framlögum líkt og áður, greiði félagsgjöld og afli styrktarféлага, og sala á Nýal haldi áfram, þá telur gjaldkeri félagsins, Sigurður Ólafsson, góðar horfur á að fjárhagur félagsins standi traustur eftir sem áður, og munu allir skilja hvaða þýðingu það hefur. Bezt væri að stöðin yrði orðin að miklu leyti sjálfseignarstofnun árið 1972, því með því væri náð því marki að gefa Helga Pjeturss hana á aldarafmæli hans það ár.

D. G.

Málefni Nýals.

Því miður hefur stuðningsviðleitni sumra féлага okkar ekki verið jafnörugg þetta árið og hið næstumliðna, þegar heita mátti að allar hendur réttust fram til stuðnings, og eru nú enn allmörg árgjöld óggeidd. Er þetta ekki sagt í ásökunarskyni, heldur til að vekja athygli á því hve tæpt stendur um framtíð málefnis okkar, þjóðarinnar og alls mannkyns. Er **hin mikla slysaalda** nú í upphafi þessa árs eitt af einkennum þeirrar stefnu sem er. Svo er helzt að sjá, að þegar straumurinn þyngist, sá sem til hins verra dregur, verði jafnvel Nýalssinnunum erfiðara fyrir að fylgja því sem rétt er, og mun þetta því síður hrína á okkur, sem við gerum okkur það betur ljóst. Það sem allrahelzt getur orðið til að rétta við stefnuna er að Nýalssinnar séu sér þess vel meðvitandi að til er stjörnusambandsstöð og að þar hafa náðst fjarsambönd. En hvað snertir annað starf við stöðina þá er nú þess þegar að geta, að þar hefur verið haldinn fundur um jarðfræði með merkum fræðimönnum, svo sem komið hefur fram í blöðum þeim sem leyfa vildu birtingu fréttar um þann fund. Auðsótt var það að vísu ekki að fá þá frétt birta, þó að hún væri aðeins um grjót og fjöll, en þó hafðist það af og var hún að lokum allvel birt í stærsta blaðinu. En þar mun koma að jafnvel steinarnir munu rísa upp og nefna nafn Helga Pjeturss svo að allir mega heyra.

D. G.

STOFNFUNDUR STJÖRNUSAMBANDSSTÖÐVAR.

Þegar leið að því að byggingin sem Félag Nýalssinna hefur átt í smíðum, yrði fullgerð, var farið að huga að því hvenær mætti halda þar fyrsta fund, og á félagsfundi að Laugavegi 24, 1. okt. var ákveðið að það skyldi verða þann 26. sama mánaðar. Var þá enn margt ógert, til þess að húsakynnin mættu teljast fullbúin, og varð því að treysta á hraða og örugga framkvæmd þess sem eftir var, ef vel ætti að verða. Var síðan sent út boðsbréf til félagsmanna um hinn væntanlega stofnfund. En jafnframt voru birtar auglýsingar "Til lesenda Nýals" í útvarpi og í dagblaði, og athöfnin þar með gerð opinber. Á föstudagskvöldið fyrir fundinn vann hópur af félagsfólki að því að þrifa og ganga frá, og fórst vel úr hendi. Og svo vel tókst til, að ekkert var að vanbúnaði af því sem hafa átti á fundinum. Slétt að hafði verið fyrir framan húsið, svo þar var gott rúm fyrir bifreiðar, stólar fengnir í salinn til viðbótar þeim sem félagið átti, lampar og ljósakrónur settar upp og að lokum mynd sú, sem ekki mátti án vera, þegar fundur yrði settur. Og það er vert að taka það fram, að fyrir hinn tiltekna dag, var enginn fundur eða samkoma af neinu tagi haldin í hinum nýju húsakynnum. Höfðu menn þar eingöngu komið til starfa eða til að litast um.

Sunnudagurinn 26. október rann upp, að vísu ekki bjartur og fagur, fremur en flestir aðrir dagar þessa árs, sem borið hefur svo mikinn svip af hinu ömurlega ástandi hnattarins eða mannkynsins, því hinu sama, sem flestir halda að sé hið eina sem völ er á. En þó var veðráttan þennan dag eins og með mildara móti en verið hafði. Veður var kyrrt en ekki kalt, skýjað var, en sást þó til fjalla nema hinna fjarstu. Á þriðja tímanum eftir hádegi fór fólk að stefna saman til fundar í þessu nýja húsi. Það væri of mikið að segja að fólkið hafi drifið að, því að í fjölmönnum flokkum kom það ekki. En það kom, og smám saman fjölgaði, og mátti þarna sjá mörg kunnugleg andlit, en önnur ókunnug. En eitt hygg ég að hafi verið öllum þessum andlitum sameiginlegt og það er góður hugur til þess málefnis

sem um er að ræða. Og margir voru þarna sem um áratugi hafa horft fram til þess að þetta mætti verða, sumir allt að 50 árum. Svo lengi og seint hefur sú sókn staðið, sem þarna var að marka sinn fyrsta áfanga í verklegri framkvæmd.

Hvernig varð nú það, sem ýmsir hafa svo lengi gert sér svo miklar vonir um? Um þar er undir eins hægt að segja að fundurinn fór vel og skipulega fram, og eftir því sem ráð hafði verið fyrir gert. Fólk kom að dyrum hússins, gekk upp stiga, tók af sér yfirhafnir og gekk til salar. Þar blasti við mynd af Helga Pjeturss, sú hin sama sem prentuð er með Framnýal, svo að enginn þurfti að vera í vafa um í hvaða tilgangi hann væri þarna kominn. Eftirtektarvert var það hve stundvísir menn voru. Fólk var allt komið í sæti sín rétt um eða eftir 3 og enginn kom of seint. Og skal nú láta heyra fundaryfirlitið, að mestu eftir því sem ritari félagsins, Sveinn Haraldsson hripaði niður hjá sér skömmu síðar.

Fundur hófst með því að Þorsteinn Guðjónsson kvaddi sér hljóðs og flutti inngangserindi og bað síðan Benedikt Björnsson að taka við fundarstjórn. Gerði hann það, og las hann fundinum dagskrá og bað síðan Sigurð Ólafsson að segja nokkuð frá framkvæmdinni við bygginguna. Sigurður tók þar til er bygging stöðvarinnar var afráðin nálægt árslokum árið 1967, jafnframt því sem sambandstilraunir voru þá fyrir nokkru hafnar á vegum félagsins. Rakti hann í fáum dráttum framgang verksins, en nú þegar því væri lokið sagðist hann eiginlega vera hálf undrandi að sjá að þetta hús væri raunverulega til. Sigurður sagði að hér væri nú fengin fótfešta eða blettur til að standa á, og þennan blett ætti að stækka og færa áhrif málefnisins út meðal bæjarbúa og um land allt, en síðan út fyrir landsteinana. Næstur tók til máls Ingvar Agnarsson og rakti hann sögu félagsins frá stofnun þess og aðdraganda byggingarinnar í stuttu máli, hvernig hús-næðismál félagsins hefðu þróast, bóka og blaðaútgáfu o.fl. og einnig minntist hann á sambandstilraunir félagsins.

Fundarstjóri, Benedikt Björnsson, sagði að nú hefði mátt heyra stjórnarmenn lýsa framkvæmdum og aðdraganda, en næstur skyldi taka til máls Þorsteinn Jónsson, og bað hann ganga fram, en hann hann sat innarlega í salnum. Flutti Þorsteinn einfalt og skemmtilegt erindi um Kynni sín af Helga Pjeturss, og virtist fundarfólk kunna því vel að hlýða.

Að framsöguerindum loknum var boðið til frjálsra umræðna og skyldi ræða ævi og störf Helga Pjeturss og niðurstöður þær sem hann hefur birt í ritunum sem bera nafnið Nýall. Þess ber

fyrst að geta, að áður en þeim umræðum lauk, stóð upp úr sæti sínu Anna Pjeturss og ávarpaði fundarmenn og félagaga og þakkaði það verk sem hér hefði unnið verið, og jafnaði því við kraftaverk. Sagðist hún dást að þeim dugnaði og áhuga, sem lýsti sér í því að hafa reist stjórnusambandsstöð í samræmi við hugmynd föður síns. Einnig talaði hún um það sem faðir sinn hefði sagt um eðli drauma, og sagði dæmi þar að lútandi. Fékk Anna Pjeturss lófaklapp fyrir ræðu sína og kom það eins og af sjálfu sér, eðlilega og skemmtilega.

Fyrsti ræðumaður í umræðum var annars Pjetur Gíslason á Eyrarbakka og kvaðst hann telja það merkilega viðleitni, sem Félag Nýalssinna sýndi í verki. Hann minnti þó á að félagsmenn yrðu jafnan að líta á sig sem námsmenn í fræðum Nýals, en hafa jafnframt traust á sjálfum sér til að tileinka sér þau sannindi, sem þar væru fram borin, og væru hluti af almennum vísindum. Sagði hann að mikilsvert væri að veita því athygli, hvernig vísað væri frá einni ritgerð til annarar á ýmsum stöðum í ritunum, og hefðu menn ekki efnið á valdi sínu, fyrr en þeir þekktu og skildu tengslin milli hinna ýmsu hluta þess.

Að loknu erindi Pjeturð sagði fundarstjóri orðið laust og hvatti menn til að leggja orð í belg eða gera fyrirspurnir. Guðmundur á Klafastöðum bað um orðið, og kvaðst vilja gera sitt til að vekja umræður. Ræddi hann nokkuð um lækningafyrirbrigði ýmis og önnur fyrirbæri, sem hann vissi skil á, úr sveit sinni, og beindi orðum sínum til Þorsteins Jónssonar, en hann svaraði og bar fram skýringar.

Ragnar Sturluson ræddi nokkuð um þátttöku sína í sambands-tilraunum og sagðist ekki efast um það sem jafn greinilega lýsti sér og þau áhrif sem hann yrði fyrir á tilraunafundunum.

Þorsteinn Guðjónsson bað um orðið og ræddi nokkuð um hið furðulega tómlæti gagnvart kenningum Nýals og það hve fjarri færi að höfundurinn væri látinn njóta sannmælis.

Þórarinn Ólafsson á Akranesi sagðist hafa reynt að gera sér grein fyrir draumum sínum eftir leiðsögn Nýals, og sagði hann nokkur fróðleg dæmi af draumareynslu sinni. Eitt var þannig, að hann dreymdi að hann missti meðvitund á sundi í sjó en var bjargað af tveim mönnum upp í bát. Fór hann þá að fá meðvitund, en þó þannig að honum fannst hann sjá sjálfan sig liggjandi í bátinum. Munu draumgjafaskipti orðið hafa og síðara sambandið verið við annan björgunarmanninn. Einnig sagði Þórarinn frá líflátsdraumi sjálfs síns, og þótti

honum sem hann væri eftir líflátið vera að reyna að gera viðstadda vara við sig en ekki takast. - Þ.J. taldi óhugsandi að sál manns gæti nokkur tíma verið án líkama, (yrði þá að skýra þessa reynslu, sem einhvernskonar fjarskyggni hins látna úr hinum nýja stað, til aftökustaðarins, og þá efalaust án skilnings á því sem gerzt hefði).

Um þetta leyti fundarins stóð upp Anna Pjeturss og flutti félaginu árnaðarorð eftir því sem áður var greint.

Þessu næst stóð upp Árne Óla og þakkaði stjórn félagsins fyrir að hafa boðið sér á fundinn, og sagði hann merkilega sögu af fyrirburði, sem hann hafði eftir móður sinni, en henni hafði sagt kona sú er fyrirburðinn sá. Að frásögn sinni lokinni endurtók Árne þakkir sínar til stjórnarinnar, árnaði félaginu heilla og kvaðst óska þess að sannleikurinn mætti búa í þessu húsi.

Þorsteinn Jónsson stóð upp og þakkaði Árna fyrir óskir hans og fyrir fróðlega frásögn, og mæltist til að hann færði í letur, hefði hann ekki þegar gert það. Tók Árne því vel og mun síðan hafa sagzt ætla að senda Þorsteini hana til birtingar.

Pjetur Gíslason talaði í annað sinn um það sem hann nefnir Skilning efnafræðinnar og munu ritgerðir hans um þau efni væntanlega verða til geymslu hjá félaginu þegar þar að kemur.

Var nú komið að fundarlokum, og er þá þess að geta að einhverntíma á milli átriða hafði fundarstjóri talað nokkur orð frá sjálfum sér og sagt með ákveðnum orðum að stjórnusambandsstöð væri nú stofnuð og að hingað mundu koma gestir frá öðrum stjórnnum. Að lokum bað hann formann að segja nokkur orð en hann gerði það og bað menn að fylgja vel málefni Nýals og lauk svo fundinum.

Fundinn sátu um 80 manns (79 eða 80 töldu sumir) og allmörg bréf bárust frá félagsmönnum og fylgjendum utan Reykjavíkur vegna fundarins. Þar voru tvö úr Kanada og fjögur úr Skafta-fellssýslum.

KYNNI MÍN AF HELGA PJETURSS.

(flutt að Álfrólsvégi 121 þann 26. okt. 1969)

Það var mælt til þess við mig að ég segði hér eitthvað af kynnum mínum við Helga Pjeturss, en þau voru í góðu samræmi við það, það, sem ég heyrði Jóhannes Áskelsson jarðfræðing segja í úta varpserindi fyrir löngu. Hann sagðist hjá engum hafa kynnst

eins ríkri góðvild og hjá Helga, en lýsti því svo að auki, hversu sú góðvild hefði einmitt ekki komið fram í venjulegum almennilegheitum og viðleitni til að þóknast. Hann sagði, að Helgi hefði jafnan afgreitt erindi manns á skömmum tíma og á ljósan og einfaldan hátt. Man ég, að mér þótti gott að heyra þetta, og held líka, hvað suma aðra snertir, að það hafi ekki alveg til einskis verið sagt.

Í rauninni get ég sagt, að fyrstu kynni mín af dr. Helga Pjeturss hafi hafist sumarið 1921. Áður hafði ég að vísu eitthvað lesið eftir hann - Það mun hafa verið sumarið 1910 og eitthvað verið varðandi hina guðlegu gesti, sem sagt er af í Framnýal en það skildi ég þá ekki, þó að ég fyndi samt eins og einhver birta fylgdi því. Ennfremur hafði ég heyrt hans eitthvað getið fyrir íþróttamennsku og hreysti, og sagði Guðmundur Pétursson nuddlæknir mér í því sambandi - það mun hafa verið sumarið 1914 - að hann hefði einhverntíma mætt Helga berhöfðuðum og frakkalausum í hinum mesta norðankulda, og undraðist Guðmundur heitfengi hans, þótt sjálfur væri hann mikið karlmenni. "Ertu vitlaus," sagðist hann hafa sagt, "að klæða þig ekki betur en þetta," og hefði þá Helgi svarað því til, að svo væri að vísu ekki, en hitt kynni að vera, að þetta væri ekki öllum heiglum hent.

En eins og ég sagði, þá var það fyrst sumarið 1921 að ég kynntist Helga af eigin raun við að lesa eftir hann ritgerðina "Hið mikla samband", og hefi ég áður getið þess, hvílík umskipti þá urðu hjá mér varðandi skilning minn á lífinu. Þetta, að líta á jarðlífið sem þátt í þrotlausu alheimslífi, var svo nýtt og stórkostlegt, að ég líkti því í kvæði, sem ég þá reyndi að yrkja og glatað er nú, við undrun blómvísis, sem ég hugsaði mér að verða mundi, þegar hann í fyrsta sinn gægðist upp úr moldinni móti himni og sól. Og einhverntíma um þetta leyti var það, að ég í draumi þóttist sjá Helga Pjeturss hávaxinn og bjartan yfirlitum, og veit ég þó ekki, hvort það var nokkuð í sambandi við þá draumsýn, að ég þekkti hann er ég í fyrsta sinn sá honum bregða fyrir á götu í Reykjavík haustið eftir. Var hann þá eins og jafnan berhöfðuður, og bærðust bjartir lokkar hans í golunni, en svipur hans og fas fannst mér tiginborið og goðumlíkt. Var þetta aðeins leiftursýn séð við götuljós og þó minnisstæð. - Ég spurði mann, sem með mér var, hver þetta hefði verið, og gat hann ekki svarað því. "Var þetta ekki Helgi Pjeturss", spurði ég þá, og rankaði hann þá við sér og féllst á að svo hefði verið.

Mig minnir það væri í ársbyrjun 1928 fremur en í árslok 1927, að ég í fyrsta sinn lét verða af því að koma til Helga Pjeturss.

Gerði ég það með hálfum huga, því að þá hefi ég víst ekki verið búinn að gera mér það nægjanlega ljóst að gagnvart sönnum vitringi er allt vandaminna en gagnvart öðrum. Eða hvar skyldi skilnings vera að vænta ef ekki þar, sem viti er að mæta? - Ég man, að Anna dóttir hans kom til dyra, og spurði ég hana, hvort ég gæti fengið að tala við Helga. Bauð hún mér þá til stofu, vísaði mér til sætis og kallaði síðan hátt og hveltt á pabba sinn, sagði að kominn væri maður, sem vildi tala við hann. Sat ég svo þarna einn litla stund, og hvarflaði mér þá í hug að leggja á flóttu, því að í rauninni þóttist ég ekki hafa neitt fullgilt erindi. En vonbráðar kom Helgi. Finnst mér sem ég hafi séð hann koma niður stiga og inn um dyr, sem hann lokaði á eftir sér, og var hann þá um leið kominn þangað sem ég var staddur. "Vilduð þér tala við mig", spurði hann eftir að ég hafði heilsað honum, og svaraði ég því til, að ég vildi aðeins votta honum þakkir og samhug vegna þess, sem ég hafði lesið eftir hann. Sagði hann lítið við því, en brosti lítið eitt. Þá bætti ég því við, að ég vildi biðja hann að lesa yfir kvæðasyrpu, sem ég væri með, og sagðist hann skyldi gera það, ef syrpan væri ekki mjög stór. Fékk ég honum þá handrit mitt, og bað hann mig að skrifa nafn mitt utan á það. Síðan spurði hann mig um ýmislegt varðandi sjálfan mig, hvort ég hefði ekki eitthvað verið í skóla og hvort ég væri ekki í einhverju ungmennafélagi. Man ég, að hann talaði um nauðsyn þess að hafa lært vel að skrifa Íslenzku. - Kvæðin sagði hann mér, að ég gæti sótt eftir tvo daga, því að ég hafði víst eitthvað orð á því, að úr því færi ég úr bænum aftur.

Það yrði langt mál, ef ég ætti að segja frá öllum samskiptum mínum við Helga Pjeturss, því að eftir þetta hitti ég hann oftast, þegar ég kom til Reykjavíkur, og þó einkum hin síðari ár hans. En geta skal ég þess, að eftir þessa fyrstu heimsókn mína til hans studdi hann að því, að ég fengi birt eitthvað af kvæðum mínum. Sagði hann mér, er ég kom aftur til hans, að hann skyldi mæla með mér við hvern sem væri, og ennfremur vildi hann greiða fyrir samböndum mínum við önnur skáld. Þannig hvatti hann mig til að hitta Jón Magnússon, sem hann sagði vera góðan mann og gott skáld. Varð að vísu ekki af því, að ég hitti Jón í þetta sinn. En seinna sagði Jón mér, að Helgi hefði sagt sér frá mér og því, að ég væri áreiðanlega skáld, og veit ég ekki, hvað mönnum kann nú að finnast um slíkt, því að fjarri fer því, að ég sé talinn skáld né þá heldur að ég leggi frammar neina stund á að vera það.

Ég hefi getið þess áður í félagsblaðinu, að ég hafi eitt sinn verið þátttakandi miðilsfundar ásamt Helga Pjeturss, og læt ég því ógert að rifja hér upp þá fundarsetu. En þennan dag var ég löngum á gangi með Helga um götur bæjarins, og var það þá, að hann meðal annars sagði mér frá gullúri því, sem verið hafði í eigu Jóns Eiríkssonar, en Helgi eignaðist síðar og gaf Þjóðminjasafninu. Var á síðastliðnum vetri eitthvert sinn sagt frá úri þessu í sjónvarpi, og get ég þessa hér vegna þess. En kvöld þessa dags að afloknum miðilsfundinum er mér þó minnisstæðast. Var Helgi þá hinn glaðasti, og er ég, sem ásamt tveimur öðrum fundarmönnum hafði gengið með honum heim til hans, vildi kveðja hann þar, eins og þeir höfðu gert, þá tók hann því ekki, heldur gekk áfram með mér þangað sem ég hélt til. "Gleðilegt sumar", sagði hann þá um leið og hann rétti mér hendina, og rifjaðist þá upp fyrir mér draumur frá því um vorið nokkrum vikum áður. Var það þá einhverntíma, þegar ég var í nokkrum vanda staddur, sem vel hafði ræzt úr, að mig dreymdi þetta, sem nú hafði átt sér stað. Mig dreymdi, að Helgi Pjeturss rétti mér höndina og segði einmitt þessi orð, sem hann nú hafði sagt, og sagði ég honum nú þennan draum. Það er vonandi að þetta verði, sagði hann þá um leið og hann hvarf heim til sín.

Oft var það, þegar ég kom til Helga Pjeturss, að hann talaði eitthvað um þetta, sem flestir virtu honum á verri veg, svefntruflanir þær, sem hann taldi sig verða fyrir af völdum ákveðins manns, og var það þó aldrei lengi, að hann talaði um þetta við mig. Þykir mér ekki ólíklegt, að með þessu hafi hann verið að reyna menn, því að einhverntíma sagði hann við mig, að sér þætti dálítið gaman að taka eftir því, hvernig mönnum yrði við þetta tal sitt. Og einhverntíma var það nokkru eftir að hann hafði skrifað mér varðandi þetta, en ég svaraði því samkvæmt hinni ríkjandi skoðun og af misskilningi, að ég var að horfa á myndina af honum, sem er framan við Framnýal hans. Var þá eins og rynni upp ljós fyrir mér. Og ljósið, sem rann þá upp fyrir mér, var það, sem svipur hans sýndi. Hafði hann, þegar þetta var skrifað mér aftur þannig, að ég skildi, hve ranglega ég hafði svarað honum. En nú varð mér það einnig ljóst við það að horfa á myndina af honum, hve ólíklegur hann var til þess að hafa nokkurn fyrir rangri sök, og skal hér nú sagt eitt dæmi um nærfærni hans og umhyggju.

Það var einhverntíma að vorlagi, að ég hafði fengið mjög slæma

hæsi, og átti fyrir það erfitt með tal. Hafði ég fengið eitt-
hvað við þessu hjá héraðslækni, sem ekki dugði til fulls. Og
nú var það, að ég hitti Helga Pjeturss og sagði honum frá
þessu, eða þá að hann tók eftir því. "Þetta stafar af því, að
þú notar lek gúmmístígvél", sagði hann, "en slíkt er ákaflega
óhollt". Var þarna alveg rétt tilgetið. Ég hafði einmitt þá
um vorið, annaðhvort af trassahætti eða fátækt, gengið í lekum
stígvélum. En ekki lét hann sér nægja að benda mér á þetta,
heldur sendi hann mér litlu síðar heil og líttnotuð gúmmístígvél,
og þarf varla að taka það fram, að hæsin batnaði mér til fulls.

Það var haustið 1948, að ég sá Helga Pjeturss síðast. Var hann
þá rúmliggjandi í Landspítalanum en hress í tali. Sagði hann
mér þá, að ýmislegt hefði sér nú orðið ljósara en áður, en eins
og ástatt væri fyrir sér gæti hann ekki skrifað. - Skömmu
áður en þetta var hafði ég fengið bréf frá honum, og sagði Anna
dóttir hans mér síðar, að áreiðanlega hefði það bréf verið hið
síðasta alls þess, sem hann hefði skrifað. Var bréf þetta skrifað
í tveimur áföngum, sinn daginn hver hluti þess, og kom þar enn
fram einn vottur um það, hve gjarnt honum var til þess að meta
menn mikils. Skömmu áður en ég fékk þetta síðasta bréf hans
hafði ég skrifað honum eitthvað heimspekilegs efnis, en bætt svo

þ. hafði ég skrifað honum eitthvað heimspekilegs efnis, en bætt þar
svo við þeirri spurningu, hversvegna ég væri nú að slíku í bréfi
til hans, þar sem hugsun mín væri varla annað en bergmál af
hans. En þarna svaraði hann þessu á þá leið, að þessu færi
svo fjarri, að í bréfi mínu hefði eitthvað það verið betur sagt
en sér hefði getað tekist að segja, og þarf ekki um að ræða,
hvílik viðurkenning mér þótti slíkt. Og hvernig stóð nú á því,
að hann, sem nú lá banalegu sína og að líkindum hefir séð fram
á, til hvers dró, skyldi segja við mig það, sem hann sagði við
mig þarna á spítalanum? Hann sagðist ætla að koma til mín
og dvelja hjá mér næsta sumar. En það sumar, og nokkru
lengur þó eftir þetta, auðnaðist mér að sjá fram á og segja
sumt það sem mér hefir bezt tekist. Gæti ekki hugsast, að
fyrir tilstilli hans hefði mér þá tekist að segja eitthvað af því,
sem hann í banalegu sinni ekki gat en hefði viljað skrifa til við-
bótar því, sem hann áður hafði gert?

Þorsteinn Jónsson.

Árni Óla :

SÝN DRAUGA - ELLU.

Elín hét kona Guðmundsdóttir og mun hafa verið fædd um 1860. Hún var lausaleiksbarn, eins og þá var kallað, og hreppti ævikjör þeirra barna. En hún náði hárrí elli og mun hafa alið allan aldur sinn í Þingeyjarsýslu.

Snemma bar á því að hún var skyggn. Hún sá fylgjur manna og framliðna menn, og ekki mun hún hafa verið gömul er fólk hafði gefið henni auknefni og kallaði hana Drauga-Ellu. Undan þessu nafni mun hana jafnan sviðið alla ævi og gerðist snemma treg að segja frá því sem fyrir hana bar. Fólk skildi ekki hvaða gáfu hún var gædd umfram aðra, og þess vegna munu viðbrögð þess hafa verið, að hlæja að henni eða snupra hana, þegar hún sagði frá einhverri "vitleysunni" sem fyrir sig hefði borið. Barnsálin er viðkvæm og Ella einangraðist vegna þess að hún gat ekki átt sálufélag með öðrum. En þetta hafði lítil eða engin áhrif á skyggni hennar. Henni vitraðist óteljandi margt, sem hún þagði um. Þó kom það fyrir, þegar hún var komin til vits og ára að hún sagði frá sýnum sínum þeim sem hún trúði vel og vissi að ekki mundu henda gaman að slíku með kerskni og hártogunum.

Þegar hún var um tvítugt sagði hún móður minni frá einum fyrirburði, er henni þótti sjálfri stórum merkilegur og ólíkur öllu öðru, er fyrir hana hafði borið. Hún hélt, að þessi fyrirburður mundi verða fyrir einhverjum stórtíðindum, en hvernig sem hún braut heilann um það, var hún engu nær. Seinast tók hún þann kostinn að gera mömmu að trúnaðarmanni sínum og vænti hjá henni skilnings. Þær voru á svipuðu reki, og á þeim aldri er stúlkur treysta jafnöldrum sínum bezt til sálufélags.

Geta má þess, að sagan var sögð í trúnaði, og það var ekki fyrir en nær tuttugu árum seinna að móðir mín sagði mér hana. Henni var sagan þá enn í svo ljósu minni, að ég held að hún hafi sagt hana með orðum Elínar sjálfrar. Ekki er ég svo minnugur, að ég geti sagt söguna með sömu orðum, en um efni skal engu haggað.

Þegar Elín var tæplega tvítug, var hún send milli bæa í Kelduhverfi og fór gangandi. Leið hennar lá milli bæanna Garðs og Grásíðu. Þetta var að haustlagi, veður var gott og kyrrt en komið myrkur svo að Elín varð að hafa sig alla við að halda götunni um lyngmóana. Þegar hún var komin um miðja vegu milli bæanna, þar sem heitir Rjómadalur, brá henni í brún, því skyndi-

lega brá fyrir birtu mikilli. Og sem hún leit í átt til birtunnar, blasti við henni einkennileg sýn.

Á holti nokkru spottakorn utan við götuna, hafði safnast saman hópur af hvítum verum og var sem mikla og skæra birtu legði upp af miðjum hópnum. Þarna var svo mikill fjöldi, að hún reyndi ekki að kasta tölu þar á, en gekk nær til að athuga þetta betur.

Verurnar stóðu þarna í hring eins stórum og á holtið komst, var hver hringurinn utan við annan, en innzt var dálítið autt svæði á háholtinu. Það fannst henni furðulegast, að þeir sem voru í innsta hringnum, voru svo bjartir, að geisla lagði af þeim. En svo dökknuðu verurnar smámsaman eftir því sem utar dró í hringinn, og af þeim, sem stóði í yzta hringnum, bar ekki neina birtu enda þótt þeir sýndust vera í ljósum skikkjum. Utan við hringinn sá hún tvær verur mjög dökkar og ráfuðu þær þar um eins og þær væru villtar og vissu ekki hvar þær ættu að vera.

Þegar Elín gætti betur að, sá hún mörg andlit í yzta hringnum og kannaðist við þau. Þarna var fólk, sem dáið hafði í sveitinni seinasta áratuginn. Tvær dökku verurnar, sem virtust þarna utanveltu, þekkti hún einnig. Það voru karl og kona, látin fyrir nokkrum árum, en misjafnt orð hafði farið af í sveitinni.

Elín starði á þett kunna fólk, en það var sem enginn tæki eftir henni. Verurnar virtust bíða eftir einhverju og horfðu allar til lofts.

Þá skeði hið merkilegasta. Ofan úr loftinu komu með flughraða nokkrar sjálflysandi eða ljómandi verur og námu staðar á auða blettinum innzt í hringnum. Virtist Elínu þá sem mikill fögnuður yrði meðal þeirra sem fyrir voru og þarna væri hafin einskonar ráðstefna. Þetta stóð þó ekki lengi, því að eftir stutta stund hófu hinar sólbjörtu verur sig til flugs aftur og höfðu með stund hófu hinar sólbjörtu verur sig til flugs aftur og höfðu á brott með sér nokkrar verur úr innzta hringnum, mig minnir að nefndar væru tíu. Þær hurfu brátt og um leið var sem hjaðnaði niður allur hópurinn á holtinu. Elín stóð þar ein eftir í myrkri, furðu lostin en óttalaus, því að þetta hafði verið fögur sjón og hrífandi.

Það var auðheyrt að móður minni hafði fundist mikið um þennan fyrirburð, því að rödd hennar fékk einhvern hátíðleikablæ

er hún sagði frá. Hún vissi ekki fremur en Elín hvað þessi sýn mundi boða, en hún þóttist geta skýrt hana. Hún leit svo á, að hér væri fengin sönnun fyrir því, að framliðnir menn mundu verða að dveljast hér á jörð, mismunandi lengi eftir dauðann, það væri þeim reynslu og betrunartími áður en þeir væru hæfir til að ganga inn í guðsríki. Þess vegna hefðu verurnar, sem Elín sá, verið svo mismunandi, sumar bjartar en aðrar dökkar. Þær björtustu hefði fengið afplánað syndir sínar á jörðinni, en hinar dökkvu yrðu enn um hríð að vera jarðbundnar. Þegar fullkonun væri náð, kæmu svo sendiboðar Drottins að sækja þær og boða þeim: Gangið inn í fögnuð herra yðar.

Þetta var nú ekki hið sama og prestarnir kenndu, en mamma skildi það á þennan hátt. Vera má að hún hafi sagt Elínu frá þessu, en hún minntist ekki á það, og veit ég því ekki hvort Elín hefir skilið þetta öðruvísi, en forboða einhverra tíðinda. Hún var fremur fáfróð og ég efast um að hún hafi verið læs og skrifandi um þessar mundir. Og viss er ég um, að ekki hafði hún lesið, heyrt lesið né heyrt sagt frá öðrum dularfullum fyrirbærum en þeim, sem þá gerðust í umhverfi hennar og einu nafni voru nefnd draugagangur.

Nokkrum árum eftir fyrri heimsstyrjöldina (1922) kom út í Englandi fjögurra binda bók sem heitir "The Life Beyond the Veil" og er eftir prest, G. Vale Owens að nafni. Þar eru frásagnir af lífinu fyrir handan og sagnaranda sinn nefnir hann Zabdiel og á hann heima á einhverri jörð í einhverju öðru sólhverfi. Á einum stað í 2. bindi segist þessi sagnarandi vera staddur á háu fjalli og horfi yfir víða velli. Í fjallshlíðinni sé musteri mikið eða skóli, en glæsileg borg niðri á sléttunni. Sér hann þá að upp á loftið kemur skínandi fjólublátt ský, og samtímis kemur út úr musterinu mannfjöldi mikill og eru allir í skínandi hvítum klæðum. Þeir taka saman höndum og horfa á skýið sem nálgast og er nú frá því að heyra sem fagran sönghljóm. Nú safnast ský um þá, sem standa hjá musterinu og verður brátt glóbjart og af því stafa marglitir ljósgeislar. Síðan hefst skýið á loft og er þá enginn maður eftir fyrir utan musterið, allir mennirnir, sem þar voru, eru uppnumdir í skýinu. Það líður svo með flughraða að bláa skýinu, þau renna saman og verða þá svo björt, að engu er líkara en himinhvolfið sé í ljómandi blossa.

Þetta var heimsókn frá öðrum hnetti og svipar mjög til þess, er Elín sá. En fávís og umkomulaus stúlka, sem átti heima norður í Kelduhverfi um 1880, hafði aldrei heyrt getið um neitt líkt þessu. Og hún hefir áreiðanlega ekki haft svo frjótt ímyndunarafli, að hún gæti skapað slíkt í hug sér. Hvernig stóð þá á því, að hún gat sagt mömmu söguna, sem hér hefir verið rituð? Það hefir það eins verið vegna þess, að henni hafði birzt þessi atburður. Hún sagði frá því einu, sem hún hafði séð og henni virzt hún horfa á með eigin augum og glaðvakandi.

SAGA FRÁ PÓLLANDI

Jerzy Wielunski, ungur Pólverji, sem mikla stund hefur lagt á tungumál og meðal annars lesið forníslensk dróttkvæði, sendi okkur eftirfarandi sögu, sem hann hefur skráð eftir föður sínum á íslenzku (en framför hans í málinu var aldrei auðsæjari en eftir að hann tók að lesa Nýal):

"Einu sinni var kona ásökuð um að hún ynni fyrir djöfulinn. Hún var tekin fyrir dómstól og dæmd. En hún var ósek (saklaus). En dómarrinn vildi ásaka hana (sakfella).

Þessi kona var mjög falleg og dómarrinn var vondur og gamall. Konan hafði svarið að hún væri saklaus. Og dómarrinn vildi ekki trúá henni. Svona sagði hún:

Jeg skal sverja að jeg er saklaus. Og hún vildi sverja fyrir Drottni. En á þessu augnabliki voru dyrnar opnaðar og einn svartur óvenjulegur maður kom fyrir rjettinn. En á þessu augnabliki slokknuðu öll kerti. Og þessi maður hafði sagt:

Þessi kona er saklaus. Og hann hvarf.

Þegar menn kveiktu aftur kerti, sáu þeir stórt svart far af hendi hans, sem brennt var í borðið.

Og þetta borð - með far af hendi djöfulsins - hef ég séð í rjetti í Lublin."

Þessi saga sem ég tek orðrétt upp úr bréfi frá J.W., mun hafa geymzt allengi í minni manna þar í Lublin, en sögumaður, sem er dómari þar, mun hafa góðar aðstæður til að vita skil á henni. Við birtum hana hér vegna þess hve vel J.W. hefur tekizt að orða hana á íslenzku máli. En hann er annars sambandsmaður sjálfur og hefur sagt okkur af ýmsu furðulegu, sem fyrir hann hefur borið, og reyndar geigvænlegt sumt og

Þess eðlis að betra væri að vera laus við það. Er nú þess að óska að þessi bréfavinur okkar nái góðum samböndum, sjálfum sér og samlöndum sínum til heilla.

- Sennilega hefur bjargvættur konunnar sýnt svartur af því að hugarfarið leyfði ekki eða gat ekki viðurkennt, að galdrakona ætti sér hjartan verndara. Pólland var rammkapólskt á 17. öld og lengi síðan. - En hvílíkur munur verður ekki þegar Pólverjar og aðrar þjóðir fara að skilja sín fyrirbæri rétt og ná sínum rétta þroska, þannig að hver þjóð þroskar sitt séreðli á jákvæðan hátt og lærir af því að lifa í sátt við aðrar.

Þorsteinn Guðjónsson.

UPPRUNI ÍSLENDINGA.

Hinir fyrstu Ariár eða Indógermanar, sem uppi voru fyrir löngu, voru um tíma taldir hafa átt uppruna sinn á Suður-Rússlandi, en nú þykir líklegra, að frumheimkynni þeirra hafi verið þar sem nú er Pólland eða Austur-Þýzkaland. Frá þessum heimkynnum streymdu á annarri og þriðju árabúsund f.Kr., þjóðasakarar í ýmsar áttir, til Indlands og Persíu og víðar um Asíu, aðrir til Suður-Evrópu, Keltar til Miðevrópu og vestar, og ein greinin hélt til Norðurlanda og hefur haldizt þar við síðan. Er þaðan komið ljóshætt og bláeygt og benda margar frásagnir af Arunga þjóðum í fornöld til þess, að sá hafi verið litur þessa fólks í fyrstu og lengi frameftir víða. Var svo bæði með Persum, Indverjum og Grikkjum, og önnur líkamseinkenni í samræmi við það. Þegar menningartilraunir þessara þjóða fóru út um þúfur og útséð virtist um framfarir þeirra, hrakaði þar ekki aðeins tungumáli og siðum heldur einnig kynstofni, visnaði þar allt í toppinn og hvarf þeim lífsþróttur, gæfa og gervileiki, en leifarnar blönduðust við aðrar þjóðir.

En "yzt á strönd óx sterkust grein - stofnsins forna af Austur-vegi" segir Einar Benediktsson, og var bjargað því sem dýrmætast var með för þeirri sem farin var úr Persalöndum til Norðurlanda um það leyti sem Kristur var borinn í Palestínu. Hittu þessir norðurfara fyrir frændur sína, sem á undan voru farnir, tóku að sér leiðsögn þeirra og kenndu þeim Ásatrú ("Úr Goðheimum sögðu þeir mörg tíðindi"). En síðar fluttust afkomendur þeirra til Íslands, og ber mönnum að vita þennan uppruna sinn og leggja rækt við hann, því það er eitt af aðalskilyrðum þess að komizt verði á rétta leið.

JARÐFRÆÐINGAFUNDURINN.

7. desember var haldinn jarðfræðingafundur í stjörnusambandsstöðinni, og Íét Guðmundur Kjartansson þar svo ummælt, að jarðfræðirannsóknir Helga Pjeturss hér á landi mynduðu "þann stofn, sem allar síðari rannsóknir væru greinar af" og ein slík grein sagði hann að væri kenning sín um stapalöguð fjöll.

Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor talaði um mælingar á segulstefnu í bergi frá ýmsum tímum, en þeim hefur enn lítið verið beitt við ísaldaskeiðið. Fundinn sátu um 40 manns, bæði innanfélagsmenn og utan, og töluverðar umræður og fyrirspurnir urðu að erindum loknum.

Báðir fyrirlesarar töluðu endurgjaldslaust og hafa því sýnt Félagi Nýalssinna mikla vinsemd.

GILDI HINS MARGA:

En einhversstaðar á allt þetta líf að hafnast,
og einhver minnisstrengur nær hverju ljóði.

E. B.

G. Hvað kemur til þess, að lóurnar fara að hópa sig saman, þegar á sumarið líður og sá tími fer að nálgast, að þær flytji sig héðan burt? Mennt segja að þær geri þetta til að búa sig undir langflug sitt. En hvað stjórnar því, að þær gera slíkt?

Þ. Flestir eða allir lifendur hafa hneigð til þess að leita uppi aðra lifendur, og gætir slíks samdráttar þá mest milli einstaklinga hveðrar tegundar fyrir sig. Líkur sækir líkan heim, og virðist það lögmál vera ríkjandi á öllum stigum tilverunnar. Þykir mér líklegt, að hjá farfuglunum fari þessi hópunarþörf að gera vart við sig, þegar hreiðurlífi þeirra lýkur. En þegar svo hópunin hefir tekist hjá þeim, hugsa ég að þeir fari að öðlast ratvísi sína og aukið þol til að fljúga hinar löngu leiðir. Mér þykir líklegt, að hópunin og samflug þeirra hér stilli þá til sambands við leiðbeinendur og veitendur aukins magns.

G. En hverjir eru þá þessir leiðbeinendur farfuglanna? Ég held nú reyndar, að þar geti ekki verið um aðra að ræða en einhverja lifendur á öðrum hnöttum. En hvort eru það guðir þar eða þá einungis fuglar á líku stigi og fuglar hér?

Þ. Að sjálfsögðu veitist engum ratvísi framyfir hans eigið án þess hann þiggi það af einhverjum öðrum sér ratvísari. En hér kemur þó fleira til greina. "Margur dropi verður móða

fögur og streymir að flæði fram", segir í kvæði eftir Jónas Hallgrímsson. Og varðandi það, að lóurnar og aðrir farfuglar öðlist ratvísi, gildir ekki það eitt, að þær hópist og stilli þannig hver aðra til sambanda uppávið, heldur einnig hitt, að slíkar hópanir eigi sér einnig stað á ótalmörgum jörðum öðrum samstæðum þessari. Ratvísi fuglanna eins og reyndar svo ótalmargt annað byggist á samstæði og samstreymi miklu víðtækara en menn hafa gert sér grein fyrir til þessa.

G. Eru þá hinar ýmsu jarðir vetrarbrautarinnar og annara vetrarbrauta á móta líkar hver annari, hvað lifendur snertir og annað, og dropar eru líkir hver öðrum? Ég var einhverntíma í sumar að horfa á mergð sóleyja í túni, og kom mér þá í hug, að meðal stjarnanna kynni einnig að eiga sér stað nokkurskonar tegunda samstæði. Skyldi mér þá hafa komið hið rétta í hug?

Þ. Að sjálfsögðu er meðal stjarnanna um þrotlausa fjölbreytni að ræða. Hvergi er neitt það, sem alveg er eins og nokkuð annað, og þykir mér í þessu sambandi sérstaklega eftirtektarvert, að ekki einn einasti maður á þessari jörð né annarskonar lifandi sé byggður af alveg saman lífefni og nokkur annar. Er slíkt í samræmi við það, sem mér eitt sinn varð að orði án þess líklega að skilja það þá til fulls. En það er, að ódauðleiki minn sé það að finna mér hvergi stað nema í sjálfum mér. Mun ég af einhverjum ástæðum hafa fundið til þeirrar staðreyndar, að lífsbyrði sinni getur enginn varpað til fulls yfir á annars herðar, og gefur einnig hin lífefnalega staðreynd ástæðu til sömu ályktunar. Út frá henni liggur það beint fyrir, að hver einn hljóti að lifa áfram og þá vitanlega jafnefnisbundnu lífi og hér á jörðu. En þó að fjölbreytni tilverunnar sé furðuleg, þá er samstæði hennar og sameiginleiki ekki síður furðulegt. - Ég efast að vísu ekki um, að á öðrum jarðstjörnum séu margar tegundir jurta og dýra, sem ekki eru til hér á jörðu, og þá einnig ýms afbrigði mannfólks. En ég hygg þó, að flestar eða jafnvel allar þær líftegundir, sem á þessari jörð finnast, muni einnig finnast eða eiga sínar hliðstæður á ótalmörgum öðrum jarðstjörnum. Og eins og ég sagði, byggist ratvísi fuglanna og ótalmargt annað á þessu hliðstæði, og kemur þar þá einnig til greina, að lönd og höf munu á mjög mörgum öðrum jarðstjörnum liggja í aðalatriðum eins eða líkt og hér á jörðu.

G. En hvað segirðu þá um það, sem er að gerast hér á jörðu meðal manna? Heldurðu, gegn því sem Helgi Pjeturss hélt fram, að verið sé hér á leiðinni til þess, að hinir mörgu dropar

hennar verði að fagurri móðu í samræmi við enn stærra samstreymi farsældar og göfgi?

Þ. Eins og þú hlýtur að muna, þá hélt Helgi Pjeturss því fram, að um tvær stefnur sé að ræða, lífstefnu og helstefnu, stefnu fegurðar og samræmis og stefnu sundrungar og vaxandi þjáningar. Og þó að hann sæi hér fram á sýmiskonar handleiðslu eða leiðbeiningu til hins betra, eins og t.d. hina tilsendu ratvísi fuglanna, þá talaði hann oft um hitt, sem hver maður ætti reyndar að geta séð, að hin síðarnefnda stefna, vítisstefnan, er hér að miklu leyti ráðandi. Og þótt einkenni þeirrar stefnu sé sundrung og samræmisskortur, þá sá hann einnig þar fram á samstreymi, eins og bezt sýndi sig á ófriðartímum. Eins og hann talaði um, þá eiga sér hér aldrei stað slík samtök eða samstreymi meðal manna og þegar þeir geisast fram til þess að myrða og eyðileggja. Talaði hann um, að slíkt sem þetta, ætti sér einungis stað útjöðrum vitheims, og að farsældin hlyti því að vera í miklu meiri hluta. En þó taldi hann staði helstefnunnar vera fleiri en svo, að tölu yrði á komið. Og vegna fjölda þeirra er nú það, að til verður nokkurskonar örlagasamstreymi á hinn verri veg, vald, sem menn hafa stundum skynjað, en þó naumast vitað af. Hafa það einkum verið þeir, sem mest leiddust af þessum örlagastraumi, forystumenn í hernaði og öðru slíku, sem gerðu sér grein fyrir honum á þann hátt að verða mjög forlagatrúar, eins og Napóleon Bónaparte, sem kallaður var hinn mikli. Þegar hann var spurður, hversvegna hann, þrátt fyrir þá trú sína, væri að gera áætlanir, þá svaraði hann því til að forlögin ætluðust til þess af honum, og hefir það svar hans að nokkru verið í ætt við ratvísi fuglanna. Vegna hópfylgis síns skynjaði hann þennan örlagastraum, sem hann leiddist af og ekki var, nema þá að mjög takmörkuðu leyti í ætt við guðsvilja. Og hér kemur mér nú nokkuð í hug, sem ég hefi ekki hugsað alveg á sama veg áður. Þetta örlaga-vald, sem Napóleon leiddist af og því meir því lengra sem leið á valdasögu hans, hefir nú vegna hinna tveggja styrjaldaslysa aldarinnar orðið hér voldugra en jafnvel nokkru sinni áður, og er ein afleiðing þess, og reyndar sú lakasta, hin ríkjandi blindni gagnvart sumri rétttri hugsun. Vegna áhrifa þessa örlagavalds, sem kemur fram í síauknum herútbúnaði og afskræmingu í listum og skáldskap, eru menn, og þá einkum hinir áhrifamestu, haldnir einhverskonar blindu gagnvart sumu því, sem öllum ætti þó að geta verið auðvelt að sjá og skilja, þegar einu sinni hefði verið á það bent. Það er vegna þess, að hugsunarhátturinn hefir, þrátt fyrir aukna þekkingu manna í sumum greinum, færst

í vítisáttina, að engum áhrifamanni hérlendum virðist, enn sem komið er, hafa auðnast að átta sig á hinum framúrskarandi ljósa og auðskilda boðskap Nýals.

G. En er þá ekki einhver von til þess að hið betra sigri hér? Meðan fuglarnir hafa ekki glatað ratvísi sinni, hljóta hér einhver sambönd að haldast við hina betri staði.

Þ. Meðan eitthvert gras grær og mannkynið hefir ekki ráðið sér bana, ætti ekki að vera vonlaust um, að úr rætist. Ég held líka, að sigurvænlegra sé að vera ekki mjög svartským. Auðvitað leitar hið góða hér á eins og það alltaf hefir gert. Það er alveg óhætt að treysta því, að frá góðum stöðum muni vera reynt að koma fram og styðja hverskonar leiðréttingar, eins og líka tekist hefir í sumum greinum. Það má líka segja, að í því efni sé hinu mesta afreki þegar lokið. Meginleiðréttingu slíkri, sem aldrei áður hefir á þessari jörð verið til staðar, hefir verið komið fram, og mun því fótfestu hinnar guðlegu viðleitni helzt vera að vænta þar, sem sjáendur þessarar leiðréttingar eru. - Í stað þess, að framvinda hins góða mun sigla fullum seglum þar sem komið er á hina öruggu framfaraleið, leitar hún lags á hættulegum óleiðum heimskautahafs hér á útjaðri vitheims, og þarf þó ekki að efa að hún muni færa sér í nyt hverja þá auðu vök, sem opnast í rétta átt. En því fremur geta hinir fáu sjáendur þessarar meginleiðréttingar geta orðið slík aðalvök, því betur sem þeir sjá þar og skilja. Því betur sem menn gera sér grein fyrir hinu rétta eða því, hvað er og hvað ekki er, - því betur getur þeim tekist að verða samtaka til móttöku hinum góða krafti. - Það er ekki rangt að líkja jarðlífinu við fóstur, og gildir reyndar slíkt varðandi lífheima allra annara frumlífsjarða. Á öllum frumlífsjörðum dregur til mikilla umskipta, þeirra umskipta, að líf þeirra verði sem brjóstmylkingar og síðar einstaklingar á þroskabraut frá því að hafa einungis verið fóstur. Er sennilegt, að hvarvetna fylgi þeim umskiptum nokkur hætta á að illa geti farið, þótt mismikil muni samt sú hætta vera. Hvar sem þá ekki verður það, sem verða á í fyllingu ákveðins tíma, er glötunin vís. Og hér á jörðu er nú, eins og auðsætt mætti vera, og eins og vera mun líka á mörgum frumlífsjörðum öðrum samtæðum þessari, komið að þessum tímamótum, og reyndar meira en það. Þau tímamót urðu hér, þegar Nýall kom fram eða jafnvel heldur fyrr, og mun hér halda áfram að verða æ hættulegra, meðan hann verður ekki þeginn. Framundan er hér nú aðeins um tvennt að ræða, annaðhvort það að farast áður en

langt liður, eða þá hitt að komast á hina réttu leið. Leiðin til lífs og hinna góðu umskipta væri sú ein, að menn áttuðu sig á líffræðisamningum þeim, sem eru hið beinasta framhald þess að vita, að jörðin er ein meðal stjarnanna. Menntur þurfa að sjá fram á það, sem í rauninni er svo ákaflega sjálfsagt og ekki þarf að taka fram við fylgjendur Nýals, að lífið á jörðinni er þáttur í óþrotlegu alheimslífi, en ein af afleiðingum þess mundi verða sú, að jörðin færi einnig að verða vettvangur framlifenda.

G. En hvað verður, ef þetta ekki tekst og helstefnan sigrar hér? Verður þá nokkuð annað en það, að allt ferst?

Þ. "En hrapir þú í ösku á auðar slóðir, samt er þín framtíð varðveitt, fagra stjarna, í sál og anda ódauðlegra barna - " segir Einar Benediktsson í kvæði sínu Jörð. Verði ragnarök hér, sem væri hin mestu mistök og óhamingja, þá yrði það þó lausn frá öðru verra. Um leið og örlagafjötrar einhverrar jarðar á hinn verri veg verða óleysanlegir með öllu, hlýtur þar allt að hrynjast í rúst, og mætti tala um slíkt sem lausn líkt og þegar einhver deyr frá óbærilegum þjáningum. Mætti tala um slíkt sem niðurlag sorgarleiks, miklu hrikalegri og hörmulegri en nokkurs þess sorgarleiks, sem farið hefir hér fram áður. En þó að sólhverfið farist, þá mun allt það vitlíf vara, sem einu sinni varð, og þá einnig fyrr eða síðar komast á leið farsældar og göfgis. - Það var stundum áður, að mergð hinna líku einstaklinga gat komið mér til að efast um framlíf hvers eins. Við það að horfa á grúa flugna, fiska eða jafnvel manna, sem sýnzt gat einungis blindur og viljalaus múgur, hvarf mér stundum gildi einstaklingsins. En nú skynja ég gildi hans ekki einungis í því, að hann skuli hvergi getað fundið sér stað nema í sjálfum sér, heldur einnig í sameðli hans. Á varanleik hinna mörgu byggist tilvera þeirrar fögru móðu, sem hefir það eitt framstreymi að bæta æ við sig af sögu sinni.

Þ. J.

EFTIRMÁLI.

Það var um tíma venja mín að skrifa formála, eftirmála eða eftirmæli hvers heftis félagsblaðsins fyrir sig, og hefir slíkt fallið niður hjá mér nú um skeið. En þó að ég kalli þetta eftirmála, þá er það að litlu leyti varðandi félagsblaðið. Það sem hér verður sagt, vildi ég hins vegar að gæti orðið lítill eftirmáli þess, þegar vígður var hinn nýi samkomusalur Nýalssinna að Álfrólsvægi 121 þann 26. okt. s.l., og vil ég þá geta þess

fyrst að mér þykir vel hafa tekist með byggingu þessa. Salurinn fannst mér hinn viðkunnanlegasti, og samkoman fyrsta fór þar vel fram. Mun fólk hafa verið um 80, og flutti formaður félagsins, Þorsteinn Guðjónsson, fyrst stutt erindi og bauð bauð gesti velkomna. Þar næst rakti gjaldkeri félagsins, Sigurður F Ólafsson, aðdraganda þess, að umrædd bygging komst í framkvæmd. Ingvar Agnarsson rakti sögu félagsins, og Þorsteinn Jónsson sagði frá kynnum sínum af dr. Helga Pjeturss Á eftir urðu nokkrar umræður, og tók þar til máls meðal annara Árni Óla, sagði frá skyggni stúlku nokkurrar, og birtist sú frásaga hans nú í blaðinu. Ennfremur tók Anna Pjeturss til máls, og vakti það góðar undirtektir. "Pabbi minn sagði", mælti hún, "að maður byggi ekki sjálfur til drauma sína, heldur gerðu aðrir það", og sagði jafnframt frá eftirtektarverðu dæmi því til stuðnings. Vildi ég gjarnan geta fengið þá frásögu hennar birta hér í blaðinu. Og nú ætla ég að bæta því við, sem ég vék að í lok erindis míns, en slepti hér að framan vegna þess, að mér fannst það ekki falla þar nógu vel að. En það er, hversvegna það einkum hefir verið, að Helga Pjeturss auðnaðist að gera sér ljóst það, sem Nýall hans boðar. Að sjálfsögðu auðnaðist honum þetta vegna fróðleiksástundunar og þess, hve hugsun hans var ljós. En sérstaklega held ég að honum hafi auðnast það vegna þess hreinleiks, sem framkoma hans og útlit sýndi. Það var vegna hins frjáltslega og barnslega raunsæis hans, að hann fyrst kom auga á þetta, sem varð honum undirstaða nýs skilnings á jarðsögu Íslands. Og auðvitað var það ekki síður vegna þessa ósvikna raunsæis síns, að hann komst að hinum nýölsku niðurstöðum. Fyrir það að gera sér betur grein fyrir því en áður hafði verið gert, hvernig draumar sofandi manns eru, komst hann að nýrri og óvæntri niðurstöðu varðandi eðli þeirra. Eftir að hafa gert sér það ljóst, að draumur sofandi manns er ekki fyrst og fremst hugsun, heldur skynjanir og líf og við það einnig að láta sér skiljast, að slíkt getur maður ekki búið til með hugsun sinni einni saman, að skynjun getur ekki átt sér stað án þess að eitthvað hafi verið skynjað, gat í rauninni ekki orðið nema um eina niðurstöðu að ræða. Niðurstaðan hlaut að verða sú, sem aldrei hafði verið haldið fram áður, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vökulíf annars. Svefninn er sambandsástand, sagði hann því, og draumur hins sofandi manns tilorðinn fyrir samskynjan hans við aðra, og var ályktun hans um svefninn byggð á hinu síðartalda. Og fyrir það að horfa einungis út frá því, sem bezt hafði áunnist áður í heimsfræði og öðrum vísindum,

fyrir það að gera slíkt um leið og hann komst að raun um, að sumar draumsýnir hans gat ekki hafa borið fyrir neinn hér á jörðu, komst hann einnig að þeirri niðurstöðu, að þessi annar, draumgjafi, sem hinn sofandi maður þiggur draumskynjanir sínar af, hljóti stundum að vera íbúi annarar jarðar. Og þegar enn betur var að gætt, varð niðurstaða hans ekki einungis það. Þegar hann hafði gert sér grein fyrir endurnæringu svefnsins, varð sú ályktun óhjákvæmileg, að draumur manns hljóti í rauninni alltaf að einhverju leyti að eiga rót sína til íbúa annara jarða. Lífsbandið á milli stjarnanna varð honum ljóst og þá um leið, að líf jarðarinnar og allra jarða hlýtur að byggjast á því. Það var fyrir löngu kunnugt, að líkamir manna og dýra byggjast af því, sem með fæðunni veitist. En hér varð það fyrst ljóst, að með svefninum veitist það, sem byggir líkami þeirra. Með svefninum veitist lífandanum líf, en með því að vita slíkt, má það í aðalatriðum verða ljóst, hvað lífið er. Með uppgötvun svefnsambandsins hefir því sú lausn verið fundin, sem telja má stærsta allra vísindalegra lausna. Lífsgátan hefir þar verið leyst.

BURDLÍK.

P. J.

Um nokkurra mánaða skeið höfum við ekkert frétt frá Burklík, en þá hafði um tíma rofnað svo til, að hann náði að gera vart við sig, og einnig félagi hans Ordník. Siepe nefnist stúlka eða kona sem ef til vill er ein af þeim og þarf að heilla fram mynd hennar til stuðnings sambandinu. Þegar syrti yfir með sumri og og hausti í fyrra og framsóknartilraun fjaraði út að mestu, virtist mér mynd hennar sífellt dofna og verða ólæsilegri, unz hún hvarf mér með öllu, en nái hún sambandi að nýju; mun óefað margt snúast til bata og lífsaukningar. Munu Burdlíksmenn þá geta náð frétt af stjörnusambandsstöð okkar, en það mun verða þeim til hvatningar og auka þeim bjartsýni. En það mundi einnig gera þeim kleift að styðja okkur á óvæntan hátt. Mundi slíkur stuðningur áorka meira en nokkur annar, vegna þess hve skyld framvindan er. Mun Burdlík vera í skyggnasta lagi yfir á aðrar jarðir, en jafnvel fylgismenn hans vera daufir að leggja trúnað á frásagnir hans af okkur hér, og finnast það ótrúlegt að slíkar hliðstæður eigi sér stað milli frumlífsjarða. En það er nú einmitt hið augljósasta, að draumsambönd okkar eru oft, eða jafnvel oftar við frumlífsmannkyn á líku stigi og þetta er, sem við sjáum hér í kringum okkur.

Í hinni merkilegu grein sinni "Gildi hins marga", sýnir Þorsteinn Jónsson fram á það, hvernig helstefnan magnast af samstefnu sinni á hinum ýmsu jörðum. En hinu mætti bæta við, að til er ein leið, og líklega aðeins ein, upp úr feigðarflaumnum, en það er að hinir litlu flokkar hinna réttskiljandi á slíkum jörðum verði vitandi hverjir til annarra. Með því hefst framvinda, einmitt á þeim jörðum, sem er eins og til hliðar við hina ríkjandi, ekki í eiginlegri andstöðu við hana, en þó eðlisólík frá grunni. Menn fara að skilja lífið og unna því eins og það er, á þeirri jörð og öðrum slíkum. Einungis fyrir slíka sókn út í ófullkomnunina getur framsóknin tekizt, sú sem til er stefnt á billjónum skyldra hnatta.

Þ. G.

SKEMMRA KOMNIR

Á sambandsfundi 1. jan. 1970 talaði maður, sem kvaðst vera framliðinn af öðrum frumlífsnnetti en jörðunni fyrir ekki alllöngu og sagði hann á þessum upprunahnetti sínum vera ókominn fram skilninginn á lífsbandinu, en tækni og ýms vísindi hefðu náð þar allmiklum þroska. Væru þau mest notuð í þágu hernaðar og hörmulegt ástand víða og ófagurt um að litast á þeim hnetti. Þó væri þjóð nokkur eða hluti þess mannkyns, sem ekki vildi taka þátt í slíku og væri úr betri stöðum mikil viðleitni til að forða þeim frá sömu örlögum. Einnig var sagt að til væru þar menn sem hugsuðu til lífs á stjörnum - þótt enn hefði ekki náðst þekking á sambandinu - en nú, þegar stjörnusambandsstöð væri risin hér á jörð væri séð fram á nýja möguleika til að koma þeim til hjálpar. Hjálpin mætti þá líklega í fyrstu verða fólgin í því, að þjóðlegu sjálfstæði og hæfileikanum til að velja og hafna útlendu eftir vild yxi fiskur um hrygg auk þess sem sambandsskilningur færi að koma fram. Þyrfti þeim að skiljast að þekkingin á því máli er hið sanna fagnaðarerindi.

Gleggri vitneskja hefur enn ekki náðst um mannkyn þetta, nema hvað sagt var að líkamsútlit og svipmót hinna friðsömu væri líkast því sem gerist hér á landi. En hitt er augljóst, að tækist þeim að hefja sigursæla sókn til þekkingar mundu aðrir njóta þess þar á jörð, og ófriði þar verða lokið jafnvel þar sem óvænlegast þætti um sættir. - Mjög væri óskandi að ná sýnum og vitrunum frá þeim hnetti og vil ég biðja lesendur að stilla til þess með hugsun sinni þ. 31. janúar kl. 8.30 að svo megi verða.

Þ. G.

Ljós í stöðinni.

Meðan á sjónvarpsmynd var sýnd um erlendar fyrirburðar-rannsóknir ("yfirskilvitleg öfl hugans") héldu Nýalssinnar fund í stjórnumbandsstöðinni til þess að vita hvort þessi fyrsta opinbera viðurkenning á tilvist fyrirburða (sem auðvitað varð að koma erlendis frá), greiddi nokkuð fyrir sambandsfyrirbærum. Var sjónvarpstæki komið fyrir í salnum, og horfði fólk þar á myndina, óefað sér til ánægju, þó að miklu hefði mátt við bæta frá sjónarmiði Nýals. Einn af miðlum okkar sá sýn meðan á þessu stóð. Lýsti hann henni sem björtum hnoðra eða mekki, nokkurnveginn mitt á milli sín og myndaskermisins, og er þetta nokkur vísir til þess sem verða má ef fylgi við Nýal heldur áfram að aukast og styrkjast.

D.G.

EFNI HEFTISINS:

	Bls.
Stofnfundur stjórnumbandsstöðvar	3
Kynni mín af Helga Pjeturss.	6
Sýn Drauga - Ellu	11
Saga frá Póllandi	14
Uppruni Íslendinga	15
Jarðfræðingafundurinn	16
Eftirmáli	20

Forsíðumynd: Dr. Helgi Pjeturss (1872 - 1949)

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Félagsstjórn:

Þorsteinn Guðjónsson, Sólheimum 23. Sími 82898
Sigurður F. Ólafsson, Fálkanum Sími 84670
Sveinn Haraldsson, Álfhólsvegi 121, Sími 40765
Ingvar Agnarsson, Gúmmívinustofunni Sími 30688

Stjórnumbandsstöðin. Álfhólsvegi 121, Kópavogi

Sími 40765. Almennir félagsfundir þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h.